

AUGLÝSING

um deiliskipulag Hlíðarholts - hesthúsahverfis, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag Hlíðarholts - hesthúsahverfis. Skipulagið kveður m.a. á um byggingu 84 nýrra hesthúsa í hverfinu, auk reiðhallar og annarra mannvirkja í þágu reiðsports og hestamennsku.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri skipulagsuppdrættir frá árinu 1978.

Akureyri, 17. maí 2001.

F.h. Akureyrarbæjar,

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðar Menntaskólans á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag lóðar Menntaskólans á Akureyri við Eyrarlandsveg. Skipulagið kveður m.a. á um byggingu nemendagarða austan núverandi heimavistar og fjölgun bílastæða á vesturhluta lóðarinnar.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 17. maí 2001.

F.h. Akureyrarbæjar,

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Breyting á skipulagsskilmálum í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á skipulagsskilmálum deiliskipulags Hraunsholts í Ásum í Garðabæ. Í breytingunni felst að felld er niður setning í skipulagsskilmálum, grein 2.19 *Fjölbýlishús F-1*, þar sem fjallað er um fjölda íbúða á hæð. Breytingartilagan nær einungis til skilmálanna og hefur ekki í för með sér breytingu á samþykktum skipulagsuppdrætti. Með deiliskipulagsbreytinguna hefur verið farið í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.